

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður		
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Valgeirsson	Staðsetning	725312,177	512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ekki komu fram ábendingar um úrbætur.

UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöðin á Reyðarfirði er með starfsleyfi sem gildir til ársins 2027. Eftirlit stöðvarinnar hófst á fundi með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og farið var yfir kröfur sem gerðar eru til stöðvarinnar. Farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina, farið yfir mælingar og skráningar sem gerðar hafa verið. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Hér er krafa um mælingu á olíuleifum í frárennsli á þriggja ára fresti eða oftar ef ástæða er til. Næst á að mæla a.m.k. árið 2020 en fyrr ef ástæða þykir til. Búið er að endurnýja loka í frárennsli þróa.

Úrgangsolíu er safnað á flutningsgeymi sem stendur á steinsteyptu plani á milli tæminga. Planið er með niðurfalli í lægsta punkti tengt olíuskilju. Úrgangsolíutunnur og önnur spilliefni standa í lekabyttu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað.

Stöðin á Reyðarfirði hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Olíudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi og nær vottunin til allra starfstöðva félagsins. Í síðustu skýrslu vegna endurvottunar á olíubirgðastöðinni á Reyðarfirði frá október 2017, voru ekki gerðar athugasemdir við mengunarvarnir stöðvarinnar né eftirlitskerfi.

Úttektaraðili benti þó á kosti þess að koma á fót samskiptahópi allra aðila (Vegagerðarinnar, Skeljungs og Olíudreifingar) sambærilegum við öryggisnefnd olíubirgðastöðvanna í Örfirisey til þess að auka öryggi í stöðvunum.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

ÁBENDINGAR

Ekki komu fram ábendingar um úrbætur.

ANNAÐ

Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti. □

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.10.2018

Gottskálk Friðgeirsson